

LÖG

**um breyting á almennum hegningarlögum,
nr. 19 12. febrúar 1940 (brot í opinberu starfi).**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsetisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir orðinu „gjöldum“ í 1. málsl. 129. gr. laganna kemur: þar á meðal þjónustugjöldum.

2. gr.

Í stað orðsins „rannsókn“ í 131. gr. laganna kemur: leit.

3. gr.

132. gr. laganna orðast svo:

Ef opinber starfsmaður, sem í 130. gr. eða 131. gr. getur, gætir ekki af ásetningi eða stórfelldu gáleysi lögmætra aðferða við meðferð máls eða úrlausn, handtöku, hald, leit, fangelsan eða framkvæmd refsingar, eða við beitingu annarra áþekkra úrræða, þá skal hann sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári, nema brot hans varði þyngri refsingu að lögum.

4. gr.

133. gr. laganna orðast svo:

Ef opinber starfsmaður, sem á að gæta fanga, þ.m.t. sakbornings sem sviptur hefur verið frelsi sínu, eða annast framkvæmd refsisdóma, lætur fanga eða sakborning komast undan, tálmar framkvæmd dóms, hlífir manni við að taka út hegningu eða kemur því til leiðar að refsing er framkvæmd með öðru og vægara móti en mælt er, þá varðar það fangelsi allt að 3 árum, eða sektum, ef brot er smáfellt.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 137. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „póst- eða símamálefni“ kemur: póst- eða fjarskiptaþjónustu.
- b. Við greinina bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sama á við um starfsmann lögaðila sem fengið hefur opinbert leyfi til pósthjónustu eða til að annast fjarskipti á grundvelli slíks leyfis eða verktaka sem sinnir póst- eða fjarskiptaþjónustu á ábyrgð lögaðila.

6. gr.

Við lögina bætist ný grein, 141. gr. a, svohljóðandi:

Opinber starfsmaður skv. 128., 129., 134., 135., 138., 139., 140. og 141. gr. þessara laga telst sá sem vegna stöðu sinnar eða heimildar í lögum getur tekið eða haft áhrif á ákvarðanir um réttindi og skyldur einstaklinga eða lögaðila eða ráðstafað eða haft áhrif á ráðstöfun opinberra hagsmuna.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

7. gr.

Gjört í Reykjavík, 20. mars 2003.

Davíð Oddsson.

Halldór Blöndal.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Sólveig Pétursdóttir.

LÖG um meðhöndlun úrgangs.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra.

Jafnframt er það markmið laganna að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um meðhöndlun úrgangs. Um meðhöndlun úrgangs á sjó gilda lög um varnir gegn mengun sjávar. Ákvæði laga þessara um starfsleyfi taka til móttökustöðva fyrir úrgang. Um starfsleyfi fyrir aðra starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður og eftirlit með þeim gilda lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. þó 3. mgr. 5. gr.

3. gr.

Skilgreiningar.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda sem hér greinir:

Afskekkt byggð: landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 á ferkílómetra, er ekki undir 50 kílómetrum eða þar sem vegasamgungur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.